

Leitarorð



Mýs á ís og jöklamýs

Ritstjórn Kvinnablaðsins skrifar Birt 07 júl 2015 Merki:

Um þessar mundir er hægt að skoða sýningu Gerðar Guðmundsdóttur, Hringrás, í Listasal Mosfellsbæjar. Með textílvörkum sínum hugleiðir Gerður fjölbreytileika náttúrunnar og hið iðandi líf sem leynist á ólíklegustu stöðum.



Eitt stærsta verkið á sýningunni, Bláfjöll, er rúmlega 15 fermetrar að stærð. Þæft, þrykkt og útsaumað.




Vorkoma, um 18 fermetrar, samanstendur af rúmlega tvö þúsund blómum, sem eru laserskorin, þæft og hnýtt í silunganet. Mýs á ís og Jöklamýs I, II, III, IV, V eru með svokölluðum jöklamúsum sem eru einstakt náttúrufrýrbæri sem fyrirfinnst upp á nokkrum jöklum Íslands. Annað verk, Vatn á ís, einblínir á jökulinn sjálfan, sem skreytir sig með silfrúðum, glitrandi tjörnum.



Undir Jöklamúsum

Gerður Guðmundsdóttir lauk prófi í textíldeld Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1991. Hún hefur unnið sjálfstætt að myndlist upp frá því og sýnt afraksturinn á Íslandi, í Frakklandi, Kóreu, Bandaríkjunum, Tyrklandi, Þýskalandi og Danmörku.



Vorkoma speglar sig í ljósinu

Hún fær oft hugmyndir fyrir verk sín af upplifun sinni af náttúrinni. Aðalefniviður hennar hefur verið íslenska ullin, sem hún þæfir, þrykkir form á voðina og saumar út í.

Sýningin stendur til 18. júlí nk. og er opið á opnunartíma Bókasafns Mosfellsbæjar.